

AAM GLEQ3
Ársreikningur 2019

AAM GLEQ3
Katrínartún 2
105 Reykjavík

kt. 601115-9990

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit yfir fjárfestingar	5
Skýringar	6

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

AAM GLEQ3 er fagfjárfestastjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestastjóði. Stjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Júpiters rekstrarfélags hf.

Enginn starfsmaður var hjá sjóðunum á tímabilinu.

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum útgefnum af Landsvirkjun og afleiðum á safn hlutabréfavisitalna, sem er fjármagnað með útgáfu skuldabréfa.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af B-hluta ársreiknings Júpiters rekstrarfélags hf. sem inniheldur ársreikninga verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestastjóða. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu 2019 að fjárhæð 25.585 kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa nam 403 þús.kr. í árslok 2019.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2019 og rekstrarafkomu hans og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins og stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Stjórn


Sigríður Mogensson


Framkvæmdastjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í AAM GLEQ3.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning AAM GLEQ3 („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beittum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Jón Arnar Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

KPMG ehf.

Rep. S. Gylfason *Jón Arnar Óskarsson*

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2019

	Skýringar	2019	2018
Vaxtatekjur og gengismunur	3	209.691	107.207
Vaxtagjöld og gengismunur	3	(204.824)	(102.684)
Hreinar fjármunatekjur		4.867	4.523
Umsýslubóknun	13	(4.692)	(4.122)
Annar rekstrarkostnaður		(150)	(352)
Rekstrargjöld alls		(4.842)	(4.474)
Hagnaður ársins		26	49

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	378	328
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini	0	0
Hækkun á fjármögnunarhreyfingum	0	0
Hrein eign ársins	403	378

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	31.12.2019	31.12.2018
Verðbréf með föstum tekjum	4	718.347	662.551
Afleiður	5,10	267.605	114.284
Fjárfestingar samtals		985.952	776.835
Handbært fé	6	20.048	24.126
Aðrar eignir samtals		20.048	24.126
Eignir samtals		1.006.000	800.961
Skuldir			
Langtímaskuldir	7,11	1.004.845	799.830
Langtímaskuldir samtals		1.004.845	799.830
Viðskiptaskuldir		752	754
Aðrar skuldir samtals		752	754
Skuldir samtals		1.005.597	800.584
Hlutdeildarskírteini		403	378
Eigið fé og skuldir samtals		1.006.000	800.961
Fjöldi eininga		250	250
Gengi sjóðsbréfa		1,61	1,51

Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	31.12.2019	31.12.2018
Önnur skuldabréf		718.347	662.551
Verðbréf með föstum tekjum		718.347	662.551
Afleiður		267.605	114.284
Verðbréf með breytilegum tekjum og afleiður		267.605	114.284
Skráðar fjárfestingar samtals		985.952	776.835
Fjárfestingar samtals		985.952	776.835
Hlutfallsleg skipting			
Önnur skuldabréf		72,9%	85,3%
Verðbréf með föstum tekjum		72,9%	85,3%
Afleiður		27,1%	14,7%
Verðbréf með breytilegum tekjum og afleiður		27,1%	14,7%
Skráðar fjárfestingar samtals		100,0%	100,0%
Fjárfestingar samtals		100,0%	100,0%

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur AAM GLEQ3, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn er í umsjá Júpíters rekstrarfélags hf. sem er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

AAM GLEQ3 er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fyrir fagfjárfesta og er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

2. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþegninn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Reikningsskilaaðferðir

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

4. Verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

5. Afleiður

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga, eftir því sem við á.

6. Handbært fé

Handbært fé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

7. Langtímaskuldir

Langtímaskuld AAM GLEQ3 er skuldabréf. Bréfið er eingreiðslubréf þar sem hækkun er tengd ávöxtun erlendra vísitölukörfu á hlutabréf. Gjaldldagi bréfsins er í desember árið 2022. Fjárhæð skuldabréfsins er USD 6.636.000 að nafnvirði. Skuldin er sýnd í efnahag með áföllnum gengismun og gengismunur er færður í rekstrarreikning. Skuldabréfið er óverðtryggt og ber ekki vexti en auðkenni þess er GLEQ3 15 1. Allar eignir AAM GLEQ3 eru til tryggingar greiðslu skuldabréfsins.

Skýringar - framhald

Fjárfestingar

8. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

	31.12.2019	Fjárfestingar 31.12.2018	Breyting	Fjárfestingastefna Lágmark	Hámark
Skuldabréf sem útgefið er af Landsvirkjun	72,9%	85,3%	-12,4%	0,0%	100,0%
Afleiður á safn hlutabréfavisitalna	27,1%	14,7%	12,4%	0,0%	100,0%
Samtals	100,0%	100,0%			

9. Sundurliðun fjárfestinga

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	Samtals
Óskráðar afleiður				267.605	267.605
Aðrir fjármálagerningar				718.347	718.347
Samtals	0	0	0	985.952	985.952
Óskráðar afleiður				27,1%	27,1%
Aðrir fjármálagerningar				72,9%	72,9%
Samtals	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%

10. Afleiðusamningar

Afleiður eru skiptasamningar um verðbréf, vaxtaskiptasamningar og valréttarsamningar. Samningarnir eru færðir miðað við markaðsvirði 31. desember 2019. Gangvirðisbreytingar eru færðar meðal vaxtatekna, gengismunar og arðs í rekstrarreikningi. Opnir afleiðusamningar í lok árs greinast þannig:

	Eign	Skuld
Valréttarsamningar um hlutabréf	267.605	-

11. Skuldabréfaútgáfa

Skuld AAM GLEQ3 er skuldabréfið GLEQ3 15 1 sem gefið var út 30. nóvember 2015 og í kjölfarið skráð á OMX Nordic. Bréfið er gefið út í USD og er eingreiðslubréf til 7 ára. Skuldin er bundin ávöxtun vísitölukröfu.

Hlutdeildarskírteini

12. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Bókfært verðmæti	403	378	328
Gengi	1,61	1,51	1,31
Ávöxtun greinist þannig:			
Nafnávöxtun	6,78%	17,50%	12,90%
Raunávöxtun	5,04%	13,78%	10,39%

Ýmislegt

13. Þóknanir

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, Júpiter rekstrarfélagi hf., umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Föst umsýsluþóknun til rekstrarfélagsins er á ársgrundvelli 0,50% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins.